



Fundargerð

Þriðjudaginn 26. nóvember 2019 var haldinn fundur í stjórn Félags- og skólaþjónustu A-Hún kl. 16.00 á skrifstofu byggðasamlagsins á Blönduósi. Á fundinn mættu stjórnarmennirnir: Jón Gíslason, Dagný Úlfarsdóttir, Péturína L. Jakobsdóttir og Jón Örn Stefánsson, varamaður. Auk þess sátu fundinn: Ásdís Ýr Arnardóttir félagsmálastjóri, Þórdís Hauksdóttir fræðslustjóri, Jökulrós Grímsdóttir, forstöðumaður Sæborgar og Alexandra Jóhannesdóttir, framkvæmdastjóri félagsþjónustunnar.

Formaður stjórnar, Jón Gíslason setti fundinn og stjórnaði honum. Framkvæmdastjóri ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Skýrsla fræðslustjóra

Fræðslustjóri fór yfir stöðu og horfur í málaflokknum. Í máli hennar kom ýmislegt fram er varðar áherslur í skólaþjónustu næsta árs og verkefni sem unnið hefur verið að á árinu. Skólaþjónustan hefur gert samning við talmeinaþjónustu Tröppu til þess að sinna greiningu, endurmati, ráðgjöf og þjónustu við börn sem hafa frávík í málþroska. Þá kom fram að Félags- og skólaþjónusta Austur-Húnavatnssýslu og Sensus slf. hafi nýverið undirritað 2ja ára samning er lýtur að sálfræðiþjónustu í leik- og grunnskólum sveitarfélaganna. Byggðasamlaginu ber að sinna athugunum, greiningum og ráðgjöf. Þá koma fram að þörf væri á að fá námsráðgjafa til að vinna í skólunum og hugmynd um að hægt væri að samnýta starfsmann með öðrum sveitarfélögum á svæðinu. Skýrsla fræðslustjóra var flutt munnlega og til kynningar.

2. Skýrsla forstöðumanns Sæborgar

a. Forstöðumaður fór yfir starfssemina. Greindi forstöðumaður frá því að erfitt væri að manna stöður innan Sæborgar og greindi hún einnig frá því að það vanti sjúkraliða í starf sem leiðir til þess að álag á forstöðumann er mikið. Þá er einnig vöntun á iðjuþjálfra, þó það væri ekki nema í ráðgjöf.

b. Erindi Heilbrigðisráðuneytis: svar við umsókn um fjölgun hjúkrunarrýma á Sæborg Skagaströnd.

Í september sl. óskaði forstöðumaður Sæborgar eftir því að hjúkrunarheimilið fengi úthlutað einu hjúkrunarrými til viðbótar en í dag eru 9 hjúkrunarrými á Sæborg sem eru fullnýtt og hafa verið í nokkur ár.

Í svari Heilbrigðisráðuneytis sem barst þann 8. október sl. kemur fram að ekki sé hægt að verða við beiðni um fjölgun hjúkrunarrýma nema fjárveiting til slíks liggi fyrir. Forgangsröðun í fjölgun hjúkrunarrýma á svæðinu ráðist af þörf á hverju svæði fyrir sig og er tekið fram að fjöldi hjúkrunarrýma á Skagaströnd sé umfram fjölda en gengur og gerist í sveitarfélögum af sambærilegri stærð. Á grundvelli þessa var beiðninni hafnað. Í niðurlagi erindis er áréttað að út frá ársuppgjöri sé gert ráð fyrir að nýting hjúkrunarrýma sem ekki umfram rekstrarheimildir og geti hjúkrunarheimili því mætt

JOS
PLU
PLU
DRU
AYA



tímabundinni aukinni þörf sé þess gætt að nýting á almanaksári verði ekki umfram rekstrarheimildir.

Stjórn byggðasamlagsins fól framkvæmdarstjóra og forstöðumanni að halda málinu áfram og skrifa bréf til ráðuneytis.

3. Samstarfsyfirlýsing Félags- og skólaþjónustu A-Hún og Lögreglustjórans á Norðurlandi vestra

Fyrir fundinum lá undirrituð samstarfsyfirlýsing Félags- og skólaþjónustu A-Hún og Lögreglustjórans á Norðurlandi vestra um samvinnu í átaki gegn heimilisofbeldi. Verkefnið hófst við undirritun og er gert ráð fyrir að það standi í ár. Standist verkefni væntingar að ári liðnu verður það niðurstaðan að verklagið sé komið til að vera. Yfirlýsingin var til kynningar.

4. Erindi Lee Ann Maginnis umsjónarmanns dreifnáms í A-Hún

Fyrir fundinum lá erindi Lee Ann Maginnis umsjónarmanns dreifnáms í A-Hún þar sem óskað er eftir því við stjórn byggðasamlagsins að nemendum í dreifnámi sé tryggt aðgengi að heitum hádegisverði.

Stjórn ræddi erindið en telur verkefnið heyra undir FNV og var framkvæmdastjóra falið að hafa samband við umsjónarmann vegna erindisins.

5. Fjárhagsáætlun 2020


Framkvæmdastjóri lagði fram samantekið rekstraryfirlit fyrir drög að fjárhagsáætlun og skýrði út helstu liði áætlunarinnar einnig var lagt fram og farið yfir innbyrðis kostnaðarskiptingu milli sveitarfélaganna og þær forsendur sem liggja til grundvallar skiptingunni. Gert er ráð fyrir umtalsverðri aukningu á framlögum á milli ára vegna aukins þunga í rekstri lögbundinna verkefna. Stjórn ræddi áætlunargerðina en vísaði frekari umræðu til næsta fundar.


6. Önnur mál


Ekki voru tekin fyrir mál undir þessum lið.


Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 18:00

Stjórn:


Jón Gíslason,


Péturína L. Jakobsdóttir



Dagný Úlfarsdóttir


Jón Örn Stefánsson

Starfsmenn:


Asdís Ýr Arnardóttir


Jökullrós Grímsdóttir


Þórdís Hauksdóttir


Alexandra Jóhannesdóttir